BÖRN OG NETMIÐLAR

FORELDRAEFTIRLIT OG NETÖRYGGI



3. HLUTI 2025

Netvis
Netöryggismiðstöð Íslands
FJÖLMIÐLANEFND
MENNTAVÍSINDASTOFNUN

BÖRN OG NETMIÐLAR

3. hluti - Foreldraeftirlit og netöryggi

Nóvember 2026
Fjölmiðlanefnd & Netvís - Netöryggismiðstöð Íslands
Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir
Umsjón: Skúli Bragi Geirdal
ISBN: 978-9935-468-49-9
https://doi.org/10.33112/MWEP5146
Mynd á forsíðu: Adobe Stock Image 329332122

Samfjármagnað af Evrópusambandinu

EFNISYFIRLIT

1. FORELDRAEFTIRLIT

Mynd 1.1. Mér finnst skjátími foreldra minna of mikill 9
Mynd 1.2. Mér finnst skjátími foreldra minna of mikill. Greint eftir aldri 9
Mynd 1.3. Eru einhverjar stundir sem þú mátt ekki nota síma? 10
Mynd 1.4. Hvenær mátt þú ekki nota síma? 10
Mynd 1.5. Færðu leyfi hjá foreldrum þínum til að nota eftirfarandi miðla á netinu? 11
Mynd 1.6. Merktu við þá samfélagsmiðla þar sem foreldrar þínir leyfa þér að deila myndum og myndböndum. 12
Mynd 1.7. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu? 13
Mynd 1.8. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu? 13


2. LYKILORÐ

Mynd 2.1. Veist þú lykilorð að samfélagsmiðlum einhverra vina þinna? 14
Mynd 2.2. Hefur þú sagt vinum þínum lykilorð þín að samfélagsmiðlunum? 14
Mynd 2.3. Hvers vegna deildir þú lykilorði með vini? 15

3. NETÖRYGGI

Mynd 3.1. Hver getur séð það sem þú setur inn á þessa miðla? 16
Mynd 3.2. Hefur þú blokkerað einhvern á þessum miðlum? 17
Mynd 3.3. Hefur þú blokkerað einhvern á þessum miðlum? 17
Mynd 3.4. Hvernig bregst þú venjulega við vinarbeiðni á samfélagsmiðlum? 18
Mynd 3.5. Hefur einhver kennt þér hvernig á að nota netið á öryggan hátt? 19
Mynd 3.6. Hver hefur kennt þér örugga netnotkun? 20
Mynd 3.7. Hefur þú fengið vinarbeiðni á samfélagsmiðlum frá einhverjum sem þú þekktir ekki? 21
Mynd 3.8. Hefur þú samþykkt vinarbeiðni frá einhverjum sem þú þekktir ekki? 21
Mynd 3.9. Hversu oft hefur þú fengið svona vinabeiðni frá ókunnugum? 22
Mynd 3.10. Hefur þú fengið vinabeiðni frá einhverjum sem þykist vera einhver annar en hann er? 22
Tafla 3.1. Á hvaða appi eða vettvangi rakst þú fyrst á þessa manneskju? 23
Mynd 3.11. Öryggi við að nota svona öpp eða síður eins og Snapchat, TikTok, YouTube, Instagram og Facebook. 24
Mynd 3.12. Ég er örugg/ur við að hafa samskipti á netinu í færslum sem allir geta séð, eins og að tala, setja inn stöðuuppfærslur eða athugasemdir. 24
Mynd 3.13. Ég er öruggur við að hafa samskipti í lokuðu umhverfi á netinu, eins og að tala og skrifa í hópspjalli eða í skilaboðum. 25


HELSTU NIÐURSTÖÐUR



Mega ekki alltaf nota símann

4. - 7. bekkur	60%
8. - 10. bekkur	46%
Framhaldsskóli	30%


Algengustu stundir þegar ekki má nota símann eru á myndinni.



Leyfi alltaf/stundum

Tæpur þriðjungur nemenda í 4. - 7. bekk mega alltaf eða stundum nota Snapchat, vinsælasta samfélags-miðilinn. Dreifing meðal yngstu:


9 ára	25%	10 ára	23%
11 ára	30%	12 ára	51%



Falskar vinarbeiðnir

Með hækkandi aldri fjölgar móttaka vinarbeiðna frá einhverjum sem þykist annar en hann er.

Hlutfallið eru þeir sem eru með samfélagsmiðlaaðgang.



Örugg netnotkun

Meirihluti ungmenna segja að þau hafi fengið fræðslu um örugga netnotkun. Um 80% segja foreldra sína hafi kennt þeim netnotkun. Rúmur þriðjungur segja kennara sinn hafi kennt örugga netnotkun.

INNGANGSORÐ

Á síðasta ári var Netvís, Netöryggismiðstöð Íslands (e. Safer Internet Centre) sett á laggirnar sem sérstakt lögbundið verkefni Fjölmiðlanefndar, en Netvís er ætlað að halda utan um rannsóknir, fræðslu og upplýsingamiðlun um félagslegt netöryggi, m.a. fyrir börn og ungmenni, foreldra og fagfólk. Til þess að sinna þessu verkefni hefur Fjölmiðlanefnd hlotið styrk úr Digital Europe styrktaráætlun Evrópusambandsins til næstu þriggja ára. Markmið áætlunarinnar er að auka fræðslu og vinna að vitundarvakningu um bæði tækifæri og áskoranir netsins fyrir börn og ungmenni í ríkjum Evrópu.

Ljóst er að stefna stjórnvalda um miðla- og upplýsingalæsi og félagslegt netöryggi barna og ungmenna þarf að byggja á áreiðanlegum gögnum og þekkingu á því hvernig þau nota netið og upplifa sig þar. Þá þarf fræðsluefni um miðla- og upplýsingalæsi og félagslegt netöryggi að byggja á gögnum þar sem hægt er að meta árangur af fræðslu og sjá þróunina aftur í tímann. Slík fræðsla getur aldrei orðið markviss sé hún byggð á tilgátum, almennum áhyggjum eða umræðu sem mótast fyrst og fremst af einstökum atvikum sem eru til umræðu í samfélaginu hverju sinni. Bæði stefnumótun og fræðsla þarf að taka mið af raunverulegri reynslu barna og ungmenna, þeim miðlum sem þau nota, samskiptamynstri þeirra og þeim áskorunum sem þau telja skipta mestu máli í daglegu lífi. Rannsóknin Börn og netmiðlar er grunnurinn að slíku starfi.

Rannsóknin Börn og netmiðlar miðar að því að byggja upp þekkingu á stafrænu lífi barna og ungmenna á Íslandi. Þetta er í þriðja sinn sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands hefur unnið slíka rannsókn upp úr spurningalistum sem lagðir eru fyrir börn og ungmenni hér á landi. Rannsóknin var fyrst gerð árið 2021, endurtekin 2023 og nú eru birtar niðurstöður rannsóknargagna sem safnað var árið 2025. Þetta samstarf Menntavísindastofnunar og Fjölmiðlanefndar hefur verið einstaklega farsælt frá upphafi.

Fyrir börn og ungmenni er netið ekki sérstakur heimur sem er aðskilinn frá daglegu lífi. Börn eiga í samskiptum á netinu, það er vettvangur fyrir leiki, nám, upplýsingaleit, sköpun og þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu. Þannig er stafrænt umhverfi órjúfanlegur hluti af daglegu lífi barna. Það er líka sú nálgun sem endurspeglast í almennri athugasemd Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 25 um réttindi barna í stafrænu umhverfi. Þar er lögð áhersla á að réttindi barna gildi jafnt á netinu sem utan þess. Þannig hverfur ekki réttur barna til verndar, þátttöku, friðhelgi einkalífs og upplýsinga þegar samskiptin færast yfir á netið.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna ýmsar breytingar á milli ára. Í niðurstöðum má bæði merkja jákvæðar breytingar en jafnframt allnokkrar áskoranir. Sem dæmi hefur heldur dregið úr farsímaeign meðal yngri grunnskólanema og færri börn

segja foreldra sína aðstoða þau við að stofna aðgang að samfélagsmiðlum. Þá hefur meirihluti ungmenna fengið fræðslu um örugga netnotkun. Á sama tíma hefur þeim ungmennum sem sjá hatursorðræðu á netinu fjölgað og fleiri ungmenni sjá umræðu um sölu áfengis á netinu. Með hækkandi aldri fjölgar einnig vinabeiðnum frá einstaklingum sem þykjast vera aðrir en þeir eru.

Til að stuðla að félagslegu netöryggi barna þarf samstillta vinnu margra ólíkra aðila; foreldra, skóla, allra þeirra fjölmörgu aðila sem vinna í íþrótta- og tómstundastarfi, stjórnvalda auk tæknifyrirtækja. Það er mikilvægt að líta ekki á félagslegt netöryggi sem átaksverkefni, heldur er um að ræða viðfangsefni sem þarf sífellt að viðhalda, þróa og betrumbæta eftir því sem tækninni vindur fram og notkunin breytist. Jafnframt þarf að huga að því að fræðsluefni byggt á rannsóknum sé aðgengilegt ólíkum aldurshópum sem þurfa að fá fræðslu með reglubundnum hætti.

Vonandi verður rannsóknin góður grunnur fyrir framtíðar stefnumótun, áframhaldandi rannsóknir og fræðslu um félagslegt netöryggi barna sem tekur mið af reynsluheimi íslenskra barna og ungmenna á netinu.

ELFA ÝR GYLFADÓTTIR
Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar

FRAMKVÆMD

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára um land allt. Alls tóku 7.677 nemendur þátt, þar af voru 5.234 grunnskólanemar í 4. – 10. bekk og 2.443 framhaldsskólanemar.

Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti á skólastigunum tveimur. Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir í öllum landshlutum. Heimild var fengin hjá skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga til að hafa samband við skólastjóra innan umdæma þeirra. Grunnskólar sem tóku þátt voru 59 af 61 boðaðra skóla.

Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og þeim gefinn kostur á að hafna þátttöku. Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund eftir settum verklagsreglum. Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskóla var að nokkru leyti frábrugðin. Haft var samband við 32 framhaldsskóla á landinu öllu og samþykktu 23 þeirra þátttöku. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri. Netpóstur með fræðslu um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur í gegnum skólana til allra nemenda sem voru 18 ára eða yngri og ekki höfðu hafnað þátttöku. Skólarnir sendu út tvær ítrekanir til mögulegra þátttakenda.

Allir nemendur voru upplýstir um að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. Einnig var þeim greint frá að engra persónuupplýsinga væri aflað. Þátttakendur gátu valið að svara á íslensku, ensku eða pólsku. Jafnaframt var hægt að hlusta á upplestur spurninganna.

Spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu fyrir alla aldurshópa. Stysta útgáfan var fyrir nemendur í 4. bekk, en lengri listi var ætlaður nemendum í 5. – 7. bekk. Nemendur á unglingastigi (8. – 10. bekk) og í framhaldsskólum fengu spurningalista með fleiri efnisflokkum. Tímabil fyrirlagnar var frá miðjum september og fram í miðjan nóvember 2025. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði, en fyrir framhaldskólanema var vigtað eftir kyni, aldri og landssvæði.

ÞÁTTTAKENDUR

Í töflunum á þessari síðu má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða skólastigi. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins möguleiki að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

	Strákar		Stelpur		Stálp		Vill ekki svara	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
4. bekkur	353	48,6	345	47,5	7	1,0	21	2,9
5. bekkur	394	50,8	356	45,9	6	0,8	20	2,6
6. bekkur	383	46,6	414	50,4	8	1,0	17	2,1
7. bekkur	356	45,3	412	52,4	9	1,1	9	1,1
8. bekkur	350	49,1	354	49,6	3	0,4	6	0,8
9. bekkur	338	51,7	298	45,6	8	1,2	10	1,5
10. bekkur	378	49,9	357	47,2	10	1,3	12	1,6
Framhaldsskóli	966	39,5	1393	57,0	47	1,9	37	1,5
Samtals	3518	45,8	3929	51,2	98	1,3	132	1,7


ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólunum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið. Skólameisturum framhaldsskólanna þökkum við fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema

1. FORELDRAEFTIRLIT


Á þeim fimm árum sem könnunin Börn og netmiðlar hefur staðið yfir hefur stafræna umhverfið breyst gríðarlega, sífellt koma ný smáforrit/öpp og netmiðlar ásamt því að samfélagsmiðlar eru sífellt meira áberandi í lífi ungmenna. Á sama tíma hafa fjölmiðlavenjur barnanna einnig breyst. Engan skyldi undra að flestir foreldrar eigi erfitt með að fóta sig í eftirliti með börnum sínum á netinu.

Mynd 1.1. Mér finnst skjátími foreldra minna of mikill




Gögnin sýna að talsverður hópur barna og ungmenna telur skjátíma foreldra sinna of mikinn, mynd 1.1. Í yngri bekkjum (4. – 7. bekk) eru 21% stráka og stelpna sammála þessari fullyrðingu. Í 8. – 10. bekk lækkar hlutfallið og þar segja 9% stráka og 10% stelpna að skjátími foreldra sé of mikill. Í framhaldsskóla hækkar hlutfallið aftur, 12% stráka og 15% stelpna taka undir fullyrðinguna. Þessi þróun sést greinilega á mynd 1.2 sem bendir til þess að yngri börn sem eru meira með foreldrum sínum en þau eldri, skynji frekar skjánotkun foreldra, en í framhaldsskóla verður þetta sjónarmið aftur algengara, sérstaklega meðal stelpna.

Mynd 1.2. Mér finnst skjátími foreldra minna of mikill. Greint eftir aldri




Eftir því sem krakkar eldast fjölgar þeim sem segja að þau geti notað símann hvenær sem þau vilja, mynd 1.3. Í 4. – 7. bekk eru 19% stráka og 18% stelpna án takmarkana, sem hækkar í 37% stráka og 35% stelpna í 8. – 10. bekk. Í framhaldsskóla segir meirihlutinn að engar slíkar reglur gildi, 59% bæði stráka og stelpna geta notað símann hvenær sem er. Hlutfall þeirra sem segja að það séu ákveðnir tímar þar sem þau megi ekki nota síma lækkar því stöðugt með aldri.

Mynd 1.3. Eru einhverjar stundir sem þú mátt ekki nota síma?



Algengasta bannið við símanotkun tengist skólatímanum, þar sem 81% barna í 4. – 7. bekk, 74% í 8. – 10. bekk og 63% framhaldsskólanema segjast ekki mega nota síma í kennslustundum, mynd 1.4, Einnig eru takmarkanir þegar verið er að borða (54% – 59%) og fyrir svefn sem fer þó lækkandi með aldri þátttakenda, 57%, 41%, og18%. Bann við símanotkun við heimanám dregst hins vegar verulega saman með aldri, 62% í yngri bekkjum, 33% á unglingastigi og 19% í framhaldsskóla segjast þurfa að leggja símann til hliðar við heimanámið. Þetta er eðlileg þróun þar sem síminn verður í auknum mæli hluti af verkefnavinnu og rafrænum námsgögnum þegar börn eldast og námið verður sjálfstæðara.

Mynd 1.4. Hvenær mátt þú ekki nota síma?




Fínum veitingarstöðum
„Get graunded“ Straffi
Útilega **Eftir mat**
Fyrir skóla *„Á ekki síma“*
Matarboðum **Afmælum**
Á æfingu Bíókvöld
Í kirkju **Jarðaför**
Spila á píanó
„Ekki eftir 2 klst í skjátíma“

Á skemanu hér til vinstri má sjá nokkur dæmigerð atriði með orðalagi þátttakenda sem þeir töldu upp í liðnum Á öðrum tímum, á mynd 1.4. Mjög margir nefndu að þeir hefðu takmarkaðan skjátíma eða tíminn væri takmarkaður við ákveðna daga s.s. þrjá virka daga eða einungis um helgar. Einnig voru íþróttaæfingar og fjölskylduveislur algengir símalausir tímar.

„ SÍMANOTKUN MÍN FER AÐALLEGA EFTIR ÁSTANDI OG BARA MANNASIÐI “

Mynd 1.5 sýnir að YouTube er sá miðill sem flest börn telja að foreldrar leyfi þeim að nota, í 4. – 7. bekk 37 – 46% og 8. – 10. bekk 63 – 68%. Snapchat og TikTok eru lítið leyfð í yngri bekkjum en heimild foreldra til notkunar þeirra verður mun algeng- ari á unglingastigi, 55 – 67% og 52 – 59%. Instagram er sjaldan leyft hjá yngri börnum,

Mynd 1.5. Færðu leyfi hjá foreldrum þínum til að nota eftirfarandi miðla á netinu?




7% – 6%, en töluvert meira hjá eldri nemendum, 46% – 56%. Facebook er að mestu leyft hjá eldri nemendum, 43% bæði meðal stráka og stelpna Myndin endurspeglar þannig að leyfi til nýrri samfélagsmiðla eykst með aldri. Heilt yfir telja stelpur oftar en strákar að foreldrar leyfi þeim að nota samfélagsmiðla, og þessi kynjamunur er mestur á Snapchat, TikTok og Instagram.

Flest börn í 4. – 7. bekk fá ekki að deila myndum eða myndböndum á samfélagsmiðlum, þar sem 46% – 59% segja að þau fái aldrei leyfi, mynd 1.6.

Mynd 1.6. Merktu við þá samfélagsmiðla þar sem foreldrar þínir leyfa þér að deila myndum og myndböndum.


Birtingarskilyrði: Að hafa leyfi foreldra til að nota þessa miðla.
Fjölvalsspurning



Í 8. – 10. bekk lækkar þetta hlutfall verulega, í 11% – 14%, sem bendir til aukins sjálfstæðis með aldrinum. Þegar leyfi er veitt er það algengast á þeim miðlum sem eldri nemendur nota mest, Snapchat 68% – 77%, TikTok 56% – 70% og Instagram 48% – 63%. Heilt yfir telja stelpur oftar en strákar að foreldrar leyfi þeim að deila efni á þessum miðlum.

Eins og vænta má fylgjast foreldrar í 4. – 7. bekk oftar með netnotkun barna sinna en foreldrar í 8. – 10. bekk.


Mynd 1.7. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu?



Á mynd 1.7 sést að í yngri hópnum segja 46% að foreldrar athugi hve lengi þau hafi verið á netinu, 40% að foreldrar skoði öpp sem þau hafa hlaðið niður og 34% að skilaboð eða tölvupóstur sé skoðaður, en samsvarandi hlutföll í eldri hópnum eru 38%, 30% og 21%. Þegar kemur að því hvað börnin hafa skoðað eru 32% í 4. – 7. bekk sem segja að foreldrar fylgist með því, samanborið við 18% í 8. – 10. bekk. Myndin bendir því til þess að eftirlit minnki nokkuð með hækkandi aldri.

Mynd 1.8 sýnir að foreldrar fylgjast svipað mikið með því hverjum börn bæta við á samfélagsmiðlum í 4. – 7. bekk og 8. – 10. bekk, 33% – 36%. Eftirlit með aðganginum sjálfum er heldur minna, 32% í 4. – 7. bekk og 25% í 8. – 10. bekk. Athugun á myndum eða myndböndum sem börnin hafa deilt er einnig svipuð milli aldurshópa, 27% og 25%. Myndin bendir þannig til þess að eftirlit foreldra með samfélagsmiðlanotkun sé tiltölulega lítið og breytist takmarkað á grunnskólaaldri.

Mynd 1.8. Athuga foreldrar þínir eftirfarandi þegar þú hefur verið á netinu?




** á Snapchat, TikTok, YouTube, Instagram eða Facebook.*

2. LYKILORÐ


Spurt var um hvort þátttakendur vissu lykilorð vina sinna á samfélagsmiðlum, mynd 2.1. Hlutfall stráka sem vita lykilorð vina sinna hækkar aðeins með aldri, það er 15% í 4. – 7. bekk, 16 % í 8. – 10. bekk og 19 % í framhaldsskóla. Hjá stelpum eru svörin svipuð eða 12% í 4. – 7. bekk, 20% í 8. – 10. bekk og 20% í framhaldsskóla.

Mynd 2.1. Veist þú lykilorð að samfélagsmiðlum einhverra vina þinna?




Þeir þátttakendur sem höfðu eigin aðgang að samfélagsmiðlum fengu spurninguna um hvort þau hefðu sagt einhverjum frá lykilorðum sínum að samfélagsmiðlunum, mynd 2.2. Stelpur eru á öllum skólastigum líklegri en strákar til að hafa sagt frá lykilorðum sínum, og munurinn eykst eftir aldri. Í 4. – 7. bekk eru 14% stelpna á móti 12% stráka, í 8. – 10. bekk eru 20% stelpna á móti 12% stráka og í framhaldsskóla eru 22% stelpna á móti 16% stráka. Þetta sýnir að hlutfall stelpna sem deila lykilorðum sínum er hærra en stráka og kynjamunurinn eykst aðeins með hækkandi aldri.

Mynd 2.2. Hefur þú sagt vinum þínum lykilorð þín að samfélagsmiðlunum?



Þau sem höfðu sagt vinum lykilorð sín fengu viðbótarspurningu um hvers vegna þeir hefðu sagt vini lykilorðið, mynd 2.3. Í öllum aldurshópum nefna bæði strákar og stelpur oftast að þau hafi sagt vini lykilorð sitt til öryggis, og hlutfallið er jafnan hærra hjá stelpum. Í 5. – 7. bekk velja 42 % stráka og 55 % stelpna þennan valkost, í 8. – 10. bekk 46 % stráka og 47 % stelpna og í framhaldsskóla 34 % stráka og 44 % stelpna.

Mynd 2.3. Hvers vegna deildir þú lykilorði með vini?




Næstalgengasta ástæðan er að fá hjálp við eitthvað. Aðrar ástæður eru nokkuð algengar í öllum bekkjum, en að sýna að maður sé góður vinur er oftar ástæða hjá strákum en stelpum í öllum bekkjum. Sjaldnar var nefnt að deila leyndarmálum, skanna kóða í Snapchat eða að hafa verið neyddur til að gefa upp lykilorðið.

„ BARA EF ÉG ÞARF AÐ HALDA STREAKS OG MA EKKI NOTA SÍMANNA “

3. NETÖRYGGI

Flestir notendur stilla samfélagsmiðlana sína þannig að aðeins vinir eða fylgjendur sjái efnið sem þeir setja inn, sjá mynd 3.1, Hlutfall þeirra sem leyfa öllum að sjá efnið er þó mjög mismunandi eftir miðlum. Snapchat er sá miðill sem er lokaðastur og flestir hafa opinn aðeins fyrir vini, þar sem aðeins 3% – 6% segja að allir geti séð efnið, á meðan 50% – 69% hafa stillt miðilinn þannig að bara vinir sjái. Á TikTok eru fleiri með opinn aðgang, 28% – 36% segja að allir geti séð efnið og um 40% hafa aðeins færslur opnar vinum. Instagram er á milli þessara tveggja, þar sem 17% – 30% eru með opinn aðgang en 42% – 54% hafa efnið eingöngu sýnilegt fyrir vini.

Mynd 3.1. Hver getur séð það sem þú setur inn á þessa miðla?




Heilt yfir er Snapchat sá miðill þar sem notendur eru líklegastir til að hafa efnið sitt lokað, Instagram fylgir þar á eftir og TikTok er opnastur af þessum þremur samfélags-miðlum. Munurinn helst tiltölulega stöðugur milli aldurshópa, þó með aðeins auknu opnu aðgengi hjá eldri notendum.

Verulegur hluti notenda samfélagsmiðla hefur á einhverjum tímapunkti þurft að blokkera einhvern og hlutföllin hækka með aldri, mynd 3.2. Á Snapchat hafa 48% – 76% blokkerað einhvern, lægst í 4. – 7. bekk en hæst í framhaldsskóla. Á TikTok er hlutfallið svipað, 40% í 4. – 7. bekk, 59% í 8. – 10. bekk og 66% í framhaldsskóla. Á Instagram eru lægri tölur hjá yngri notendum, 24% í 4. – 7. bekk, en hækka í 38% í 8. – 10. bekk og 62% í framhaldsskóla. Eftir því sem notendur eldast verða þeir líklegri til að hafa þurft að blokkera einhvern á þessum miðlum þar sem eldri nemendur eru líklegri til að hafa notað miðilinn lengur og því frekar þurft að blokkera einhvern.

Mynd 3.2. Hefur þú blokkerað einhvern á þessum miðlum?


Birtingarskilyrði: Að nota miðilinn



Á mynd 3.3 er skoðað hvort munur sé á strákum og stelpum sem nota viðkomandi samfélagsmiðla varðandi hvort þau hafi þurft að blokkera einhverja. Þar má sjá að stelpur blokkera oftar en strákar á öllum miðlunum, munurinn er lítill hjá yngri notendum en eykst með aldrinum og heilt yfir virðast stelpur frekar grípa til þess að loka á óæskilega einstaklinga.


Mynd 3.3. Hefur þú blokkerað einhvern á þessum miðlum?

Birtingarskilyrði: Að nota miðilinn



Spurt var um hvað þátttakendur hugsi þegar þeir fá vinarbeiðni á samfélagsmiðlum, mynd 3.4.

Mynd 3.4. Hvernig bregst þú venjulega við vinarbeiðni á samfélagsmiðlum?




Flestir samþykkja aðeins vinabeiðnir frá fólki sem þeir þekkja, sem á við um um 35 – 59% eftir aldri og kyni. Næst skoða margir hvort þeir eigi sameiginlega vini með viðkomandi, sem á við um um 16 – 36%. Hluti svarenda metur einnig hvort viðkomandi sé á svipuðum aldri og þeir sjálfir, um 10 – 31%. Þá er einnig hópur sem er óviss og veit ekki alveg hvernig hann á að bregðast við, um 20 – 27%. Valmöguleikarnir að vera ekki vanur að samþykkja neinn, samþykkja alla eða bera bónina undir foreldra sína voru sjaldnar valdir (2 - 14%).

„ÉG HUGSA EKKI NEITT. ÉG DECLINE-A BARA FRIEND REQUEST. “

Mikilvægt er að kenna bæði ungum og öldnum að nota netið á öruggan hátt, því allir notendur þurfa leiðsögn til að takast á við stafrænt umhverfi sem breytist hratt. Flestir nemendur segja að einhver hafi kennt þeim að nota netið á öruggan hátt (mynd 3.5), um 56 – 65% hjá strákum og 60 – 65% hjá stelpum. Minnihluti segir að þau hafi ekki fengið slíka fræðslu, um 17 – 23% hjá strákum og 11 – 16% hjá stelpum. Þá er einnig hópur sem er óviss um þetta, um 15 – 28% eftir aldri og kyni.

Mynd 3.5. Hefur einhver kennt þér hvernig á að nota netið á öruggan hátt?






Réttur til að fá upplýsingar

Þú átt rétt á að finna áreiðanlegar, fjölbreyttar og auðskiljanlegar upplýsingar á netinu.

Þú átt rétt á að fá fræðslu um hvernig á að þekkja rangar eða skaðlegar upplýsingar.

Þegar spurt var hverjir hefðu kennt hvernig mætti auka öryggi sitt á netinu, mynd 3.6, nefna flestir foreldra sína sem þá sem hafa kennt þeim um örugga netnotkun, um 70 – 81%. Kennarar í skólanum koma næst, um 22 – 46%, og þar á eftir vinir, um 17 – 34%. Aðrir í fjölskyldunni eru einnig nefndir sem fræðendur, um 14 – 27%, og svo fræðsluaðilar sem koma í skólann, um 8 – 39% og hækkaði hlutfallið með aldri. Heildarmyndin sýnir að foreldrar og skóli eru langveigamestu aðilarnir í þessari fræðslu.

Mynd 3.6. Hver hefur kennt þér örugga netnotkun?



Fæstir völdu opna liðinn (3 – 6%) þar sem beðið var um að nefna hvort einhverjir aðrir hefðu kennt þeim hvernig ætti að auka öryggi sitt á netinu. Algengast var að nefna bróður sinn, systur sína eða sjálfan sig, en nokkrir nefndu rafíþróttamiðstöð. Hér að neðan má einnig sjá aðra leiðir öryggisfræðslu sem nefndar voru.

„ PLAKÖT Í SUNDLAUGARGLUGGANUM “


„ KENNARI Í SUMARNÁMSKEIÐ “

„ MAMMA VINAR MÍNS ,ER TÆKNI NÖRD “

Á mynd 3.7. sést að stór hluti nemenda hefur fengið vinabeiðni frá einhverjum sem þeir þekktu ekki og hlutfallið hækkar með aldri. Hjá strákum eru 52% í 4. – 7. bekk sem segja að þeir hafi fengið slíka beiðni, 73% í 8. – 10. bekk og 83% í framhaldsskóla. Meðal stelpna eru tölurnar hærri, 59% í 4. – 7. bekk, 85% í 8. – 10. bekk og 92% í framhaldsskóla. Þetta sýnir að eftir því sem ungmenni eldast og verða lengur virk á samfélagsmiðlum eru þau mun líklegri til að fá vinabeiðnir frá ókunnugum.

Mynd 3.7. Hefur þú fengið vinabeiðni á samfélagsmiðlum frá einhverjum sem þú þekktir ekki?


Birtingar: Allir með eigin aðgang að samfélagsmiðlum



Eins og sést á mynd 3.8 hafa fleiri samþykkt vinabeiðnir frá ókunnugum eftir því sem aldur hækkar. Í 4. – 7. bekk segja 38% stráka og 24% stelpna að þau hafi samþykkt beiðni frá einhverjum sem þau þekktu ekki, í 8. – 10. bekk hækka tölurnar í 52% og 44% og í framhaldsskóla eru það 60% stráka og 63% stelpna sem hafa gert þetta. Myndin sýnir því að eldri nemendur eru mun líklegri en yngri til að samþykkja ókunnuga á samfélagsmiðlum, og meirihluti framhaldsskólanema hafa einhvern tíma samþykkt vinabeiðni frá ókunnugum.

Mynd 3.8. Hefur þú samþykkt vinabeiðni frá einhverjum sem þú þekktir ekki?


Birting: Allir sem hafa fengið vinabeiðni frá ókunnugum



Bæði strákar og stelpur fá vinabeiðnir frá ókunnugum, en í öllum tilvikum verða slíkar beiðnir algengari með hækkandi aldri. Í 5. – 7. bekk fá flestir slíkar beiðnir annað hvort á nokkurra daga fresti eða nokkrum sinnum í mánuði og svipað mynstur sést í 8. – 10. bekk, þó hlutfall þeirra sem fá beiðnir reglulega aukist sérstaklega hjá stelpum, mynd 3.9. Í framhaldsskóla eykst tíðnin enn frekar hjá stelpum, þar sem stór hluti fær vinabeiðnir frá ókunnugum annaðhvort vikulega eða jafnvel daglega.

Mynd 3.9. Hversu oft hefur þú fengið svona vinabeiðni frá ókunnugum?


Birtingarskilyrði:Allir sem hafa fengið vinabeiðni frá ókunnugum



Á mynd 3.10 má sjá að töluverður hluti nemenda hefur fengið vinarbeiðni frá einhverjum sem þykist vera annar en hann er og hlutfallið eykst með aldri hjá báðum kynjum. Í 5. – 7. bekk segjast um 16 – 18% hafa orðið fyrir þessu, í 8. – 10. bekk hækka tölurnar í um 22 – 23% og í framhaldsskóla segir um þriðjungur stráka og rúmlega 40% stúlkna að þau hafi fengið slíka beiðni. Myndin sýnir því að stelpur í framhaldsskóla fá mun oftar vinarbeiðni frá ókunnugum en jafnaldra strákar.

Mynd 3.10. Hefur þú fengið vinabeiðni frá einhverjum sem þykist vera einhver annar en hann er?

Birtingar: Allir sem eru með eigin aðgang að samfélagsmiðlunum



Tafla 3.1 sýnir á hvaða vettvangi nemendur rákust fyrst á þann sem þóttist vera annar en hann var og sendi vinarbeiðni. Í 5. – 7. bekk er Snapchat algengast (20%), en í 8. – 10. bekk hækkar það í 46% og helst síðan hátt í framhaldsskóla, 35%. Í framhaldsskóla verður Instagram hins vegar sá vettvangur sem flestir nefna fyrst, 38%, en hlutfallið er mun lægrar hjá yngri nemendum. TikTok er einnig á meðal helstu valkosta í 5. – 7. og 8. – 10. bekk, 16% og 25%, en lækkar í 10% hjá þeim elstu. Snapchat er því algengasti miðillinn til að fá vinabeiðni frá einhverjum sem vill leyna sinni persónu hjá yngri nemendum, en Instagram tekur við sem sá algengasti í framhaldsskóla.

Tafla 3.1. Á hvaða appi eða vettvangi rakst þú fyrst á þessa manneskju?

	5.-7. bekkur	8.-10. bekkur	Framhaldsskóli
	%	%	%
Snapchat	20	46	35
Instagram	1	6	38
TikTok	16	25	10
Annað	18	4	1
Vil helst ekki segja	14	5	2
Discord	11	5	3
Facebook / Facebook Messenger	6	4	8


Aðrir valmöguleikar sem er sleppt í töflu 3.1, (hlutfall af heild), WhatsApp (1,1%), Var að spila með farsíma eða spjaldtölvu (1,0%), Þegar ég spilaði með spjallmöguleika í leikjum á netinu (0,7%), Þegar ég notaði spjalleiginleika í ákveðnum leikjum á netinu (0,7%), Þegar ég notaði Steam eða svipað (0,6%), Kik (0,2%), Twitter (0,2%), Reddit (0,2%), Twitch / Live.me (0,2%), Stefnumótasíður eða öpp (0,0%).

Í opna hluta spurningarinnar voru langflestir sem nefndu Roblox sem þann stað sem þau höfðu rekist á aðilann sem vildi halda leyndu hver hann væri. Einnig voru nokkrir sem nefndu tölvuleikinn Fortnite.

Mynd 3.11 sýnir hvernig nemendur með samfélagsmiðlaaðgang meta öryggi sitt við að nota öpp og síður eins og Snapchat, TikTok, YouTube, Instagram og Facebook. Strákar í 4. – 7. bekk telja sig í um 38% tilvika alltaf vera örugga og 27% þeirra oftast örugga. Þessi hlutföll hækka lítillega í 8. – 10. bekk í 42% og 37% og haldast svipuð í framhaldsskóla. Hjá stelpum er minnihluti sem segist alltaf vera örugg 30% í 4. – 7. bekk og aðeins 17% í framhaldsskóla, en stærri hluti segist oftast vera öruggur, 33% hjá yngstu og 57% hjá elstu.

Mynd 3.11. Öryggi við að nota svona öpp eða síður eins og Snapchat, TikTok, YouTube, Instagram og Facebook.


Birtingaskilyrði: Allir með eigin aðgang að samfélagsmiðlum



Á mynd 3.12 má sjá hvernig nemendur meta öryggi sitt í samskiptum á netinu í opnum færslum sem allir geta séð, en hér er horft sérstaklega á þau sem eru mjög eða frekar sammála því að vera örugg. Hjá strákum eru 9% mjög sammála og 20% frekar sammála í 5. – 7. bekk, hlutföllin hækka í 12% og 26% í 8. – 10. bekk og í

Mynd 3.12. Ég er örugg/ur við að hafa samskipti á netinu í færslum sem allir geta séð, eins og að tala, setja inn stöðuuppfærslur eða athugasemdir.


Birtingrskilyrði: Allir í 5. bekk og eldri með eigin aðgang að samfélagsmiðlum



framhaldsskóla eru þau komin í 17% og 30%. Hjá stelpum eru 7% mjög sammála og 19% frekar sammála í 5. – 7. bekk, 7% og 28% í 8. – 10. bekk og 6% og 30% í framhaldsskóla.

Öryggistilfinning nemenda í lokuðu umhverfi á netinu eykst stöðugt með aldri, mynd 3.13.

Mynd 3.13. Ég er öruggur við að hafa samskipti í lokuðu umhverfi á netinu, eins og að tala og skrifa í hópspjalli eða í skilaboðum.



Í 5. – 7. bekk segir um 40% stráka og stelpna að þeim finnist þau vera örugg í slíkum samskiptum, en í 8. – 10. bekk er þetta komið í yfir helming hjá báðum kynjum. Í framhaldsskóla segjast 64% stráka og 67% stelpna vera mjög eða frekar sammála því að vera örugg í lokuðum samskiptum á netinu.



FJÖLMIÐLANEFND



MENNTAVÍSINDASTOFNUN